



ReykjavíkBarokk

Kammerhópurinn ReykjavíkBarokk var stofnaður árið 2012. Hópurinn skipa 8 hljóðfæraleikarar sem leika á nákvæmar eftirlíkingar hljóðfæra barokktímans. Strengjaleikararnir leika á girnistrengi og hljóðfærin eru stillt hálfþóni neðar en venjan er þ.e. $a = 415$ herz. Í hópunum er einnig altsöngkona sem hefur sérhæft sig í miðalda- og barokksöng. Markmið hópsins er að auka veg barokktónlistar og vera gleðigjafi í íslensku tónlistarlífi.

ReykjavíkBarokk hefur komið víða fram, meðal annars á Sumartónleikum í Skálholti, Háskólatónleikum, Listahátíð í Reykjavík og á opnunartónleikum Barokksmiðju Hólastiftis. Einn hljóðfæraleikari hópsins, Kristín Lárusdóttir, samdi verkið Bæn og tileinkaði það ReykjavíkBarokk. Hópurinn frumflutti verkið árið 2014.